



# HVALREKINN

Fréttabréf Hvaleyrarskóla

3. tbl. 8. árg. mars 2009



EFNI blaðsins

3. tbl. 8. árg.

Úttekt  
menntamálaráðu-  
neytis

SMT í Hval-  
eyrarskóla

Skóladagatal

Skáknot

Páskafríið  
framundan



Skólinn hefst  
aftur eftir  
páskaleyfi  
þriðjudaginn 14.  
apríl



## Úttekt menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum Hvaleyrarskóla



Linda Hrönn Helgadóttir  
verkefnisstjóri

Á hverju ári gerir menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla. Úttektin fer þannig fram að óháðum aðilum er falið að yfirfara gögn frá skólunum, auk þess að taka viðtöl við skólustjórnendur og aðra sem vinna að sjálfsmatinu, ásamt fulltrúa starfsfólks, nemenda og foreldra. Matsaðilar gefa sér nokkrar vikur til yfirferðarinnar og skila eftir það skýrslu til menntamálaráðuneytisins um stöðu skólans. Hægt er að fá þrjár mismunandi niðurstöður; full-

nægjandi, fullnægjandi að hluta eða ófullnægjandi. Farið er annars vegar eftir því hvort þær aðferðir sem skólinn notar til matsins séu fullnægjandi og hinsvegar hvort framkvæmd og eftirfylgni matsins sé eins og ætlast er til. Í 11 skólum af þeim 39 sem tóku þátt í úttektinni í haust voru viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti. Hvaleyrarskóli var einn þessara skóla. Við erum reglulega ánægð með þessar niðurstöður sem hvetja okkur til þess að vinna áfram af metnaði við sjálfsmat skólans. Ein af forsendum þess að matsaðferðir skóla fái fullnægjandi einkunn er að allir hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að koma að matinu. Á viðtalsdegi í janúar var könnun um líðan og aðbúnað nemenda lögð fyrir foreldra og viljum við þakka ykkur foreldrum góða þátttöku og margar gagnlegar athugasemdir. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi en heildarniðurstöður má nálgast á heimasíðu skólans.

### Styrkleikar:

- Nemendum líður vel í skólanum
- Foreldrum finnst þeir velkomnir í skólann
- Foreldrar treysta starfsmönnum skólans
- Nemendur eiga góð samskipti við kennara og annað starfsfólk
- Kennarar leggja metnað í að kennslan sé góð
- Börnunum eru sköpuð góð skilyrði til að ná árangri í námi og starfi
- Foreldrar telja að nemendum standi til boða fjölbreytt tólmundastarf á vegum skólans/Versins
- Foreldrar nýta sér upplýsingakerfið MENTOR í auknum mæli

### Umbætur

- Við viljum standa okkur enn betur í að fyrirbyggja einelti
- Við viljum bæta samskipti nemenda og vinnufrið í bekkjum
- Nemendum þarf að hrósa markvisst þegar þeir hegða sér vel

**KURTEISI ÁBYRGÐ SAMVINNA**

framhald



## Framhald: sjálfsmat Hvaleyrarskóla



Sambærilegar kannanir verða lagðar fyrir nemendur og starfsfólk eftir páska og verður athyglisvert að bera niðurstöður þeirra saman við könnun foreldra, en einnig við þá árangursmælikvarða sem við höfum sett okkur til að gera góðan skóla enn betri.



## SMT í Hvaleyrarskóla



Í vetur þá höfum við verið að leggja áherslu á bekkjarstjórnun. Með bekkjarstjórnunarþættinum er unnið með nemendur sem eru á miðlagi í þríhyrningnum börn sem sýna einhvern mótþróa en auðvelt er að stýra með mörkum og miklu hrósi. Við lögðum inn athyglismerkið okkar sem notað er mikið á samverum og í kennslustundum. Einnig höfum við lagt inn einbeitingaleikinn en með honum erum við að auka úthald nemenda við vinnu. Við fórum af stað í vetur með æfingabekkin Björg sem er góð viðbót við skólastarfið. Unnið verður áfram að því að leggja inn SMT kerfið næsta vetur en þá verður lögð áhersla á efsta lagið í þríhyrningnum en þar eiga heima börn með miklar hegðunarraskanir. Verkefnið gengur annars vel hér við í skólanum og hafa allir bekki haldið nokkrar hvalaveislur í vetur við mikinn fögnuð nemenda.



Hvalaveisla hjá 7. ÞH en nemendur fóru á skauta með kennaranum sínum.



## Árshátíð miðdeildar



Fimmtudaginn 2. apríl frá kl. 17.00–20.00 verður miðdeild (5.–7. bekkir) með árshátíð hér í skólanum. Það kostar 1000 krónur inn á ballið og vænst er að nemendur komi snyrtilegir í klæðnaði á árshátíðina. Seldar verða pizzu sneiðar og kostar sneiðin 150 krónur. Nú er um að gera fyrir nemendur að fara að æfa danssporin fyrir árshátíðina.

**KURTEISI ÁBYRGÐ SAMVINNA**



# Skóladagatal 2009–2010



Samband íslenskra  
sveitarfélaga



## Skóladagatal 2009 - 2010



Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 L	1 S	1 F	1 S	1 H	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 S
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 H	2 H	2 F	2 S	2 M
3 M	3 F	3 L	3 H	3 F	3 S	3 M	3 L	3 L	3 M	3 F
4 H	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 F	4 S	4 S	4 H	4 F
5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 H	5 F	5 M	5 M	5 M	5 L
6 F	6 S	6 F	6 H	6 M	6 L	6 H	6 L	6 H	6 F	6 S
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M
8 L	8 H	8 F	8 S	8 H	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 H
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 H	9 H	9 S	9 S	9 M
10 M	10 F	10 L	10 H	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F
11 H	11 F	11 S	11 M	11 F	11 H	11 F	11 F	11 S	11 H	11 F
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 H	12 F	12 M	12 M	12 L	12 H
13 F	13 S	13 H	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 H	13 F	13 S
14 F	14 M	14 F	14 M	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M
15 L	15 H	15 F	15 S	15 H	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 H
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 H	16 H	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 H	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F
18 H	18 M	18 F	18 M	18 F	18 H	18 F	18 F	18 S	18 H	18 F
19 L	19 M	19 M	19 F	19 L	19 H	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L
20 F	20 S	20 H	20 F	20 S	20 L	20 L	20 H	20 H	20 F	20 S
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M
22 L	22 H	22 F	22 S	22 H	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 H
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 H	23 H	23 F	23 S	23 M
24 M	24 F	24 L	24 H	24 F	24 M	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F
25 H	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 S	25 H	25 F	25 F
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 H	26 F	26 M	26 M	26 H	26 L
27 F	27 S	27 H	27 F	27 S	27 L	27 L	27 H	27 H	27 F	27 S
28 F	28 M	28 M	28 L	28 F	28 F	28 S	28 S	28 M	28 M	28 M
29 L	29 H	29 F	29 S	29 H	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 H
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 H	30 H	30 F	30 S	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M	

170	18	2	5	5
Kennsla- og prófdagur. Eki klæddur um gæmskúla.	Nemendadagur í miðri Kjúbandis. Sættir dagar þar sem stundatafa er boðin upp.	Vetrarfrídagur	Undirbúning- og frjálgsdagur. Til undirbúnings og frjálgs dags starfanna nemanda.	Skólavakningar á starfanna skóla. Til frjálgs dags, undirbúnings, samvinnu, ferðabands og skólavakninga.

Nú er komið út skóladagatal fyrir næsta skólaár sem foreldrar geta séð líka á heimasíðu skólans. Skóli hefst 21. ágúst og síðasti skóladagur skólaársins er svo 4. júní. Í september verða síðan samræmd könnunarpróf í 4. 7. og 10. bekkjum lögð fyrir nemendur. Skipulagsdagar hafa nú verið samræmdir í grunnskólum bæjarins og verða 29. október, 18. nóvember, 4. janúar, 26. febrúar og 25. maí. Vetrarfríð er svo frá og með 29. október til 2. nóvember.



## Forystuskóli í Markvissri málörvun



Verkefnisstjórar og nokkrir skólastjórnendur í þeim grun- og leikskólum sem eru forystuskólar í Hafnarfirði, komu í heimsókn 19. mars og fylgdust með hvernig við hér í Hvaleyrarskóla vinnum í Markvissri málörvun. Þeir voru yfir sig hrifnir af bekkjum hennar Lindu 2. LH sem var með samveru á sal, einnig heimsóttu þeir 6. SHS þar sem Sigurborg og bekkurinn hennar tók sérlega vel á móti þeim. Einn nemandi las upp fyrir gestina verkefni sem hafði verið unnið fyrir samveru. Verkefnisstjórinn Hafdís Sigmarsdóttir gekk með gestunum um skólann og hélt síðan fyrirlestur fyrir um okkar vinnu í Markvissri Málörvun í öllum deildum.

**KURTEISI ÁBYRGÐ SAMVINNA**



## Skíðaferðir í Bláfjöll



Nemendur í miðdeild og unglingsdeild fóru í skíða og útivistarferð til Bláfjalla á dögunum. Nemendur voru mjög áhugasamir um þessa ferð og var hún vel sótt. Það er óhætt að segja að svona ferðir styrkja nemendahópinn innbyrðis og rækta enn betur félagstengsl innan hópsins. Kennarar voru mjög ánægðir með þessar ferðir þrátt fyrir mikið annríki að koma nemendum á skíðin/brettin og útbúa nesti fyrir börnin.



## 3. LG í heimsókn til Toyota



Nemendur í 3. bekkjum hafa verið að vinna í samfélagsfræði með námsefnið komdu og skoðaðu bílinn. Nemendur hafa unnið að margvísilegum verkefnum í skólanum. Í febrúar fór svo 3. LG í heimsókn til Toyota í Kópavogi. Vel var tekið á móti þeim og fengu nemendur að skoða bíla og tæki og höfðu gaman af.



## Skólaskákmót Hafnarfjarðar



Það voru fimm nemendur úr Hvaleyrarskóla sem tóku þátt í Skólaskákmóti Hafnarfjarðar nú á dögunum. Mótið var haldið í Öldutúnsskóla að þessu sinni og fór það fram fimmtudaginn 19. og mánudaginn 23. mars. Keppendur okkar stóðu sig með miklum ágætum og áttum við tvo verðlaunahafa, þá Magna Marelsson í 5. SL sem hafnaði í 3. sæti í yngri flokki og Svanberg Mára Pálsson 10. WR sem sigraði í eldri flokki. Óskum við krökkunum okkar öllum til hamingju með góðan árangur.

## Stærðfræðikeppni Flensborgaskóla



Úrslit í Stærðfræðikeppni Flensborgarskólans voru kynnt föstudaginn 27. mars við hátíðlega athöfn í Flensborgarskóla. Einar Birgir Steinþórsson skólameistari flutti ávarp og kór skólans flutti nokkur lög áður en úrslit voru tilkynnt. Veittar voru viðurkenningar fyrir 10 efstu sætin í hverjum árgangi, 8., 9. og 10. bekk. Nemendur í Hvaleyrarskóla stóðu sig mjög vel og átti skólinn samtals 9 keppendur meðal 30 efstu. Til hamingju með glæsilegan árangur krakkar